

Héraðsdómur Suðurlands

Dómur 16. október 2023

Mál nr. S-18/2023:

Héraðssaksóknari

(Teitur Már Sveinsson saksóknarfulltrúi)

gegn

Stefáni Ólasyni

(Sævar Þór Jónsson lögmaður)

og Svanbjörgu Vilbergsdóttur

(Karl Georg Sigurbjörnsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta er höfðað með ákæru Héraðssaksóknara 12. janúar 2023 á hendur Stefáni Ólasyni, [...] og Svanbjörgu Vilbergsdóttur, [...]

„fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum í rekstri einkahlutafélagsins A (nú gjaldþrota):

Stefáni Ólasyni sem framkvæmdastjóra félagsins og Svanbjörgu Vilbergsdóttur sem stjórnarmanni og prókúruhafa félagsins til 8. desember 2017 og daglegum stjórnanda þess, með því að hafa:

1. Eigi staðið skil á virðisaukaskattsskýrslum einkahlutafélagsins á lögmæltum tíma vegna uppgjörstímabilanna mars, maí og október rekstrarárið 2018 og janúar og febrúar rekstrarárið 2019 og með því að hafa ekki staðið skil á virðisaukaskatti sem innheimtur var, eða innheimta bar, í rekstri einkahlutafélagsins, vegna uppgjörstímabilanna júlí, ágúst, nóvember og desember rekstrarárið 2017, janúar til og með október og desember rekstrarárið 2018 og janúar til og með júlí og september rekstrarárið 2019, í samræmi við IX. kafla laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, samtals að fjárhæð 31.543.098 kr., sem sundurliðast sem hér greinir:

| 2017 | | |
|-------------|------------|------------------|
| júlí | kr. | 124.258 |
| ágúst | kr. | 1.643.228 |
| nóvember | kr. | 1.283.006 |
| desember | kr. | 1.484.630 |
| | kr. | 4.535.122 |

| 2018 | | |
|-------------|------------|-------------------|
| janúar | kr. | 1.141.302 |
| febrúar | kr. | 309.303 |
| mars | kr. | 2.437.316 |
| apríl | kr. | 938.087 |
| maí | kr. | 2.105.041 |
| júní | kr. | 768.527 |
| júlí | kr. | 977.382 |
| ágúst | kr. | 2.327.471 |
| september | kr. | 869.920 |
| október | kr. | 1.597.681 |
| desember | kr. | 2.090.885 |
| | kr. | 15.562.915 |

| 2019 | | |
|-------------|--------------------|-------------------|
| janúar | kr. | 473.299 |
| febrúar | kr. | 409.441 |
| mars | kr. | 400.193 |
| apríl | kr. | 1.853.407 |
| maí | kr. | 2.946.920 |
| júní | kr. | 1.660.903 |
| júlí | kr. | 1.619.729 |
| september | kr. | 2.081.169 |
| | kr. | 11.445.061 |
| | Samtals kr. | 31.543.098 |

2. Eigi staðið skil á staðgreiðsluskilagrein einkahlutafélagsins fyrir greiðslutímabilið september rekstrarárið 2017 á lögmæltum tíma og með því að hafa eigi staðið ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, í samræmi við fyrirmæli III. kafla laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem haldið var eftir af launum starfsmanna einkahlutafélagsins greiðslutímabilin maí til og með desember rekstrarárið 2017, janúar til og með desember rekstrarárið 2018 og janúar til og með september

rekstrarárið 2019, samtals að fjárhæð kr. 21.119.870 hvað varðar ákærða Stefán og samtals að fjárhæð kr. 21.094.760 hvað varðar ákærðu Svanbjörgu, sem sundurliðast sem hér greinir:

| <i>Greiðslutímabil</i> | <i>Vangoldin staðgreiðsla hvað varðar Stefán:</i> | <i>Vangoldin staðgreiðsla hvað varðar Svanbjörgu:</i> |
|------------------------|---|---|
| Árið 2017 | | |
| maí | kr. 355.885 | kr. 355.885 |
| júní | kr. 418.819 | kr. 418.819 |
| júlí | kr. 458.156 | kr. 458.156 |
| ágúst | kr. 429.778 | kr. 429.778 |
| september | kr. 730.390 | kr. 730.390 |
| október | kr. 571.035 | kr. 571.035 |
| nóvember | kr. 869.372 | kr. 869.372 |
| desember | <u>kr. 744.781</u> | <u>kr. 744.781</u> |
| | kr. 4.578.216 | kr. 4.578.216 |
| Árið 2018 | | |
| janúar | kr. 789.764 | kr. 789.764 |
| febrúar | kr. 728.969 | kr. 728.969 |
| mars | kr. 591.418 | kr. 591.418 |
| apríl | kr. 757.253 | kr. 757.253 |
| maí | kr. 766.361 | kr. 766.361 |
| júní | kr. 1.073.445 | kr. 1.073.445 |
| júlí | kr. 870.928 | kr. 870.928 |
| ágúst | kr. 846.450 | kr. 846.450 |
| september | kr. 960.196 | kr. 960.196 |
| október | kr. 847.724 | kr. 847.724 |
| nóvember | kr. 919.324 | kr. 919.324 |
| desember | <u>kr. 405.509</u> | <u>kr. 405.509</u> |
| | kr. 9.557.341 | kr. 9.557.341 |
| Árið 2019 | | |
| janúar | kr. 564.886 | kr. 564.886 |
| febrúar | kr. 772.725 | kr. 772.725 |
| mars | kr. 660.413 | kr. 660.413 |
| apríl | kr. 757.186 | kr. 753.001 |
| maí | kr. 820.856 | kr. 816.671 |
| júní | kr. 912.993 | kr. 908.808 |
| júlí | kr. 846.697 | kr. 842.512 |
| ágúst | kr. 781.141 | kr. 776.956 |
| september | <u>kr. 867.416</u> | <u>kr. 863.231</u> |
| | kr. 6.984.313 | kr. 6.959.203 |
| Samtals | kr. 21.119.870 | kr. 21.094.760 |

Framangreind brot ákærðu samkvæmt 1. tölulið ákæru teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Framangreind brot ákærðu samkvæmt 2. tölulið ákæru teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málið var þingfest 16. febrúar 2023. Aðalmeðferð fór fram 15. september 2023 og var málið dómtekið að henni lokinni.

Af hálfu ákæruvalds eru gerðar þær dómkröfur sem að ofan greinir.

Af hálfu ákærða Stefáns er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvalds, en til vara vægustu refsingar sem lög heimila. Þá er þess krafist að allur sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð, þ.m.t. hæfileg málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða.

Af hálfu ákærðu Svanbjargar er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvalds, en til vara að ákærðu verði gerð vægasta refsing sem lög frekast heimila. Þá er krafist málsvarnarlauna fyrir skipaðan verjanda ákærðu að mati dómsins. Þá er þess krafist að allur sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, greiðist úr ríkissjóði.

Við aðalmeðferð gáfu ákærðu bæði skýrslu, sem og vitnin B, C og D.

Málavextir

Það er upphaf máls þessa að með bréfi til Héraðssaksóknara, dags. 15. október 2021, vísaði Skatturinn málinu til rannsóknar vegna meintra brota á ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987, lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988 og eftir atvikum almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Var ákærði Stefán tiltekinn sem

sökunautur í bréfi Skattsins og varðaði málið skattaðilann A, en félagið var þá orðið þrotabú.

Kemur fram í bréfi Skattsins að ákærða Stefáni og Sævari Þór Jónssyni lögmanni hans, nú skipuðum verjanda ákærða, hafi margsinnis verið sendar boðanir, en þeim boðunum hafi ekki verið sinnt þrátt fyrir ítrekaðar frestanir, boðanir og lokaboðanir. Því sé endanleg og fyrirbyggjandi skýrsla Skattrannsóknarstjóra, dags. 3. september 2021, rituð án framburðar ákærða Stefáns, en skýrslan fylgdi með bréfinu.

Í bréfi Skattsins kemur fram að bú skattaðilans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 5. desember 2019 og Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður verið skipaður skiptastjóri í þrotabúinu, en skiptum sé ólokið.

Í téðu bréfi Skattsins segir að samkvæmt skýrslu Skattrannsóknarstjóra hafi rannsóknin m.a. leitt í ljós að af hálfu skattaðila hafi verið vanrækt að standa skil á staðgreiðslu opinberra gjalda innan lögboðs frests til ríkissjóðs fyrir greiðslutímabilin maí til og með desember rekstrarárið 2017, janúar til og með desember rekstrarárið 2018 og janúar til og með september rekstrarárið 2019. Einnig hafi rannsóknin leitt í ljós að af hálfu skattaðila hafi verið vanrækt að standa skil á virðisaukaskatti innan lögboðs frests til ríkissjóðs fyrir uppgjörstímabilin júlí, ágúst, nóvember og desember rekstrarárið 2017, janúar til og með október og svo desember rekstrarárið 2018 og janúar til og með júlí og svo september rekstrarárið 2019. Vangoldin afdregin staðgreiðsla hefði numið alls 25.226.169 krónum og vangoldinn innheimtur virðisaukaskattur hafi numið alls 31.543.098 krónum að teknu tilliti til álags, dráttarvaxta og kostnaðar. Afdregin staðgreiðsla af launum fyrrum fyrirsvarsmanns skattaðilans hafi numið alls 4.106.299 krónum. Þá hafi skilagrein vegna rekstrarársins 2017 ekki verið skilað innan lögboðs frests og virðisaukaskattskýrslum vegna uppgjörstímabilanna mars, maí og október rekstrarárið 2018 og janúar og febrúar rekstrarárið 2019 ekki verið skilað innan lögboðs frests.

Þá kemur fram í téðu bréfi Skattsins að á því tímamarki sem rannsókn Skattrannsóknarstjóra varði þá hafi ákærði Stefán verið framkvæmdastjóri og handhafi prókúruumboðs skattaðilans og frá 8. desember 2017 hafi hann einnig verið skráður stjórnarmaður. Ákærða Svanbjörg hafi verið skráð stjórnarmaður frá 10. júní 2016 og til 8. desember 2017. Það sé mat Skattrannsóknarstjóra, byggt á gögnum málsins, að ákærði hafi komið framangreindum vanhöldum til leiðar með saknæmum hætti, að því best verði séð með ásetningi en að minnsta kosti af stórkostlegu hirðuleysi.

Í rannsóknargögnum Héraðssaksóknara kemur fram að afdregin, en vangoldin staðgreiðsla opinberra gjalda vegna ákærða Stefáns vegna árunna 2017 – 2019, miðað við eindaga hverju sinni, sé alls 21.119.870 krónur. Fjárhæðin sundurliðast þannig að vegna tímabilanna maí til og með desember 2017 er vangoldin staðgreiðsla 4.478.216 krónur, vegna tímabilsins frá janúar til og með desember 2018 9.557.341 króna og vegna tímabilsins janúar til og með september 2019 6.984.313 krónur. Vegna ákærðu Svabjargar sé afdregin, en vangoldin staðgreiðsla vegna árunna 2017 – 2019, miðað við eindaga hverju sinni, alls 21.094.760 krónur. Fjárhæðin sundurliðast þannig að vegna tímabilsins maí til og með desember 2017 er vangoldin staðgreiðsla 4.578.2016 krónur, vegna tímabilsins janúar til og með desember 2018 er vangoldin staðgreiðsla 9.557.341 króna, en vegna tímabilsins janúar til og með september 2019 er vangoldin staðgreiðsla 6.959.203 krónur. Þá kemur fram að staða miðað við 27. desember 2022 sé óbreytt. Þá kemur einnig fram að í þessum tölum hafi verið tekið tillit til persónulegrar staðgreiðslu beggja ákærðu.

Í rannsóknargögnum Héraðssaksóknara kemur einnig fram að vangoldinn virðisaukaskattur vegna árunna 2017 – 2019 nemur samtals 31.543.098 krónum og sundurliðast þannig eftir árum að vegna ársins 2017 er fjárhæðin 4.535.122 krónur, vegna ársins 2018 15.562.915 krónur og vegna ársins 2019 11.445.061 króna. Fjárhæðirnar sundurliðast innan hvers árs á þann hátt sem greinir í ákæru.

Samkvæmt gögnum málsins frá fyrirtækjaskrá hét umrætt félag upphaflega Food Guide ehf. og var stofnað á árinu 2016. Voru samþykktir þess dagsettar 10. júní 2016 og tilkynnt um stofnun félagsins með tilkynningu þann sama dag. Kemur fram að ákærða Svabjörg hafi sent inn tilkynningu um stofnun félagsins og hafi hún verið formaður stjórnar, en ákærði Stefán verið í varastjórn, ásamt því að ákærði Stefán hafi verið framkvæmdastjóri og þau bæði prókúruhafar. Þá segir í tilkynningunni að stofnandi sé E.

Þann 28. desember 2016 var send inn til fyrirtækjaskrár tilkynning um breytingu á endurskoðun fyrir félagið og kemur fram að B hjá F sjái um endurskoðun fyrir félagið. Sama dag er einnig tilkynnt um breytingu á lögheimili félagsins og nafni, en nýtt nafn er tilgreint A. Undir þessar tilkynningar rita bæði ákærðu. Þann 8. desember 2017 var tilkynnt um breytingu á stjórn þannig að stjórnarmaður er einn og er það ákærði Stefán, en C skráður sem varamaður í stjórn. Sama dag var tilkynnt um ákærða Stefán sem framkvæmdastjóra og prókúruhafa félagsins.

Ákærði Stefán gaf skýrslu hjá Héraðssaksóknara vegna málsins 19. janúar 2022 að viðstöddum skipuðum verjanda sínum. Kannaðist ákærði við að hafa verið skráður framkvæmdastjóri umrædds félags, þ.e. A. Lýsti ákærði því að hann og meðeigandi hans, ákærða Svanbjörg, hafi í sameiningu séð um daglega stjórn félagsins. Það hafi verið svo allt rannsóknartímabilið og allt fram að gjaldþroti. Fjármálastjórn hafi verið í höndum þeirra beggja, en þau notið aðstoðar bókhaldsþjónustu. Þau hafi bæði séð um að greiða reikninga fyrir félagið. Þá voru borin undir ákærða gögn frá fyrirtækjaskrá sem framar er lýst og kvað ákærði þau vera rétt. Spurður um stjórnarfundir, aðalfundi og hluthafafundi kvað ákærði að fyrirtækið hafi verið lítið, en að fundir hafi verið haldnir þó þeir hafi ekki verið bókaðir í gerðabók.

Aðspurður um staðgreiðsluskilagreinar vegna umræddra tímabila kvað ákærði að hann hafi ekki séð um bókhaldið og þetta væri ekki hans sérgrein, en þetta liti út fyrir að vera rétt. F hafi útbúið skilagreinar og byggt þær á upplýsingum frá þeim um unna tíma. Um það hvort skilagreinar gæfu rétta mynd af launagreiðslum kvað ákærði að þetta væri ekki hans sérgrein, en gerði ráð fyrir að bókhaldsþjónustan hafi sinnt sinni vinnu. Þá kvaðst ákærði ekki hafa skýringar á því að staðgreiðsluskilgrein fyrir september 2017 hafi ekki verið skilað inn á réttum tíma. Þá kvaðst hann ekki vita fjárhæð skuldar vegna afdreginnar staðgreiðslu. Var ákærða kynnt að samkvæmt staðgreiðsluskilgreinum og sundurliðunum nemi fjárhæðin, sem félagið hafi ekki staðið skil á, á lögmæltum tíma til ríkissjóðs, samtals 25.226.169 krónum að höfuðstól. Kvað ákærði þetta ekki vera sitt og þetta komi frá bókhaldsþjónustunni, en hann treysti því að þetta sé rétt og að bókhaldið hafi verið rétt. Um ástæður þess að ekki hafi verið staðin skil á afdreginni staðgreiðslu opinberra gjalda til ríkissjóðs kvað ákærði það vera vegna þess að ekki hafi verið til peningar. Það hafi verið sameiginleg ákvörðun hans og ákærðu Svanbjargar að skila ekki til ríkissjóðs hinni afdregnu staðgreiðslu. Þau hafi verið með ábyrgð á verkum sem hafi orðið þeim mjög dýrkeypt. Þau hafi þurft að fara og vinna upp áður unnin verkefni og það hafi reynst þeim þungt í skauti og ein ástæða þess að illa hafi farið. Um ráðstöfun fjár vegna afdreginnar staðgreiðslu kvað ákærði að launagreiðslur hafi gengið fyrir og kvaðst telja að laun hafi verið greidd að fullu.

Aðspurður um virðisaukaskatt kvað ákærði Stefán að það hafi ekki verið hans hlutverk hjá fyrirtækinu að fara yfir virðisaukaskattskýrslur, en hann treysti því að virðisaukaskattskýrslur hafi verið rétt gerðar hjá bókhaldsþjónustunni og þær ættu að vera byggðar á gögnum sem þau hafi afhent bókhaldsþjónustunni. Kvaðst aðspurður ekki

gera sér grein fyrir hvort virðisaukaskattskýrslurnar hafi gefið rétta mynd af rekstrinum en kvaðst vona að það hafi verið svo. Aðspurður kvaðst ákærði ekki vita hvers vegna virðisaukaskattskýrslum hafi ekki verið skilað á réttum tíma, en það þyrfti að ræða við bókarann. Kvaðst heldur ekki vita hve mikið félagið skuldaði í virðisaukaskatt. Var ákærða kynnt að samkvæmt innsendum virðisaukaskattskýrslum nemi fjárhæðin sem félagið hafi ekki staðið skil á, á lögmaeltum tíma, til ríkissjóðs, alls 31.543.098 krónum. Kvaðst ákærði ekki vilja tjá sig um upphæðina. Voru ákærða kynnt útprentanir úr tekjubókhalda ríkisins sem sýndu skuldir félagsins á virðisaukaskatti við ríkissjóð og kaus hann að tjá sig ekki um þau. Aðspurður um ástæður þess að innheimtum virðisaukaskatti hafi ekki verið skilað á lögmaeltum tíma til ríkissjóðs kvað ákærði að greiðsla launa hafi verið látin ganga fyrir. Ákvörðun um að skila ekki innheimtum virðisaukaskatti til ríkissjóðs hafi verið tekin sameiginlega af honum sjálfum og ákærðu Svanbjörgu. Féð hafi farið í greiðslu launa, launakeyrslan hafi verið þung og margir starfsmenn. Það hafi verið áfall að þurfa að fá galla á áður unnum verkum og þurfa að senda mannskap í þau verk. Aðspurður kvaðst ákærði ekki geta svarað því hvort útgefnir reikningar hafi fengist greiddir að fullu. Þá var borin undir ákærða samantekt Skattranssóknarstjóra á greiðslum félagsins til ríkissjóðs og ráðstöfun þeirra upp í höfuðstól, álag, vexti og kostnað frá því skuldirnar byrjuðu að myndast 16. júní 2017 til og með 23. febrúar 2020. Kvað ákærði að ýmist hafi hann sjálfur eða ákærða Svanbjörg séð um greiðslurnar en þau hafi bæði haft aðgang að heimabanka félagsins. Þá kannaðist ákærði við að gerðir hafi verið samningar við innheimtumann ríkissjóðs um uppgreiðslur á skuldunum og hafi hann sjálfur skrifað undir greiðsluáætlanirnar. Þá kvað ákærði aðspurður að ákærða Svanbjörg hafi verið áfram með honum í rekstrinum þó svo að hún hafi farið úr stjórn félagsins í desember 2017.

Ákærða Svanbjörg gaf skýrslu hjá Héraðssóknara 12. október 2022. Kvaðst hún hafa starfað sem sölumaður og almennur starfsmaður hjá A. á árunum 2017 – 2019. Aðspurð um aðgang hennar að bankareikningum félagsins kvaðst hún hafa verið sölumaður og verkefnastjóri. Samskipti við bókara hafi ekki verið hennar hlutverk og hún hafi ekki samið við starfsmenn um kaup og kjör. Kvað ákærða að ákærði Stefán hafi séð um daglegan rekstur félagsins og fjármálastjórn. Hún kannaðist þó við að hafa haft aðgang að bankareikningum félagsins. Aðspurð um hvers vegna hún hafi haft það sem almennur starfsmaður kvaðst hún hafa „borgað laun og eitthvað svoléiðis“. Ákærði Stefán hafi einn tekið ákvarðanir um rekstur félagsins. Hann hafi borið ábyrgð á því að

greiða reikninga félagsins, en hún hafi stundum gert það ef hann var ekki við. Þá kom fram hjá henni að það hafi ekki beint verið hennar hlutverk að greiða reikningana. Hún hafi ekki farið reglulega inn á heimabankann til að fylgjast með ógreiddum reikningum, en hún hafi farið inn á heimabankann þegar hún hafi átt að greiða eitthvað að beiðni ákærða Stefáns. Kvaðst ekki muna, en útilokaði ekki, hvort hún hafi að eigin frumkvæði farið inn á heimabankann til að kanna hvort eitthvað væri ógreitt.

Var ákærðu kynnt að samkvæmt skráningu í fyrirtækjaskrá hafi hún verið stofnandi og prókúruhafi. Lýsti ákærða því að þau hafi átt þetta félag áður en ekki notað það í rekstri. Félagið hafi svo verið sett í notkun þegar það hafi breytt um nafn og þá hafi hún byrjað að vinna fyrir félagið. Hún hafi svo gengið út úr félaginu því hún hafi ekki haft neitt að gera í fyrirtækjarekstri. Aðspurð kvað hún að hlutverk hennar hjá félaginu hafi ekki verið það sama allan tímann, þ.e. bæði fyrir og eftir að hún var skráð prókúruhafi félagsins. Hún hafi minnkað við sig vinnu, dregið sig út og svo hætt alveg árið 2019. Þetta hafi verið fullt starf. Aðspurð hvort ákærða hafi verið alveg komin út úr rekstri félagsins í desember 2017, samkvæmt skráningu í fyrirtækjaskrá, þrátt fyrir að hafa áfram verið með aðgang að bankareikningum félagsins kvað hún svo hafa verið. Hún hafi ekki getað verið í þessum rekstri vegna þess að það hafi ekki hentað henni að vera áfram í rekstri með ákærða Stefáni, en hún hafi verið tilbúin til að vera áfram sem almennur starfsmaður. Um það hafi verið samið. Kvaðst ekki muna nákvæmlega hvenær þetta hafi verið en einhver tími geti hafa liðið frá því þetta var ákveðið þar til tilkynningunni var skilað inn. Þá lýsti ákærða því að það hafi verið að hennar frumkvæði að hún fór úr stjórninni. Þá lýsti ákærða því að hún myndi ekki hvort haldnir hafi verið stjórnarfundir og aðalfundir, en hún hafi ekkert verið í þessu félagi.

Aðspurð um bókhald kvaðst ákærða ekki vita hvort bókhaldið hafi verið fært, en hún hafi einhvern tíma verið í samskiptum við bókara hjá F. Hún hafi verið í samskiptum við hann vegna eigin skattskila, en verið geti að hún hafi einhvern tíma sent honum póst vegna félagsins. Þá kvaðst ákærða ekki muna hvort hún hafi einhvern tíma séð um að afhenda bókara gögn vegna uppgjörs virðisaukaskatts eða launa.

Undir ákærðu voru bornar staðgreiðsluskilagreinar vegna umræddra tímabila. Kvaðst hún ekki vita hvort þær væru vegna rekstrarins og mundi ekki hvort hún hafi komið að gerð þeirra. Kvaðst ekki hafa komið að launaútreikningi, en þegar hún hafi greitt laun starfsmanna hafi það verið gert eftir launaseðlum sem búið var að gera og hafi ákærði Stefán afhent henni launaseðlana.

Þá voru bornar undir ákærðu sundurliðanir á afdreginni staðgreiðslu, skipt niður á tímabil. Kvaðst ákærða ekki vita hver hafi séð um gerð sundurliðananna, en hún hafi örugglega einhvern tíma tekið saman tímafjölda starfsmanna og komið þeim til bókarans, en hún hafi þó ekki borið ábyrgð á því verkefni. Aðspurð kvaðst ákærða ekki vita hvers vegna staðgreiðsluskilagrein fyrir september 2017 hafi ekki verið skilað inn á lögmæltum tíma. Kvaðst ekki vita hver væri skuld félagsins vegna staðgreiðslu.

Þá var ákærðu kynnt að samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og sundurliðunum nemi fjárhæðin sem félagið stóð ekki skil á til ríkissjóðs á lögmæltum tíma alls 25.226.169 krónum, en ákærða vildi ekki tjá sig um fjárhæðina.

Undir ákærðu voru bornar útprentanir úr tekjubókhalda ríkisins sem sýndu skuldir félagsins á afdreginni staðgreiðslu við ríkissjóð, en ákærða kvaðst ekki muna til þess að hún og ákærði Stefán hefðu rætt skuldina sín á milli. Þá kvaðst ákærða ekki vita hvers vegna afdreginni staðgreiðslu hafi ekki verið skilað, en kvaðst telja að féð hafi farið í reksturinn. Þá kvað ákærða að laun hafi verið greidd að fullu samkvæmt launaseðlum, en stundum seint. Í þeim tilfellum hafi starfsmenn rætt bæði við hana og ákærða Stefán.

Þá voru bornar undir ákærðu virðisaukaskattskýrslur félagsins vegna umræddra tímabila, en skýrslunum var skilað rafrænt. Kvaðst ákærða ekki vita hvort skýrslurnar væru vegna rekstrar félagsins og ekki vita hver hafi séð um gerð þeirra eða á hvaða gögnum þær væru byggðar. Kvaðst ekki hafa fylgst með því hvort búið væri að standa skil á virðisaukaskattskýrslum og greiðslum samkvæmt þeim.

Þá var ákærðu kynnt að virðisaukaskattskýrslum fyrir tímabilin mars, maí og október 2018 og janúar og febrúar 2019 hafi ekki verið skilað á lögmæltum tíma, en hún kvaðst ekki vita hvers vegna skýrslunum hafi ekki verið skilað á réttum tíma og kvaðst ekki vita hvað félagið skuldaði mikið vegna virðisaukaskatts. Þá var henni kynnt að samkvæmt innsendum virðisaukaskattskýrslum sé fjárhæðin sem félagið hafi ekki staðið skil á, á lögmæltum tíma, til ríkissjóðs, alls 31.543.098 krónur. Kvaðst ákærða ekki vilja tjá sig um fjárhæðina og kvaðst ekki vilja tjá sig um útprentanir úr tekjubókhalda ríkisins um þetta og kvaðst ekki vita ástæðu þess að innheimtum virðisaukaskatti hafi ekki verið skilað til ríkissjóðs. Kvaðst heldur ekki vita hvort ákvörðun hafi verið tekin um að skila ekki skattinum til ríkissjóðs og ekki vita hvernig fénu hafi verið ráðstafað. Þá kvaðst ákærða ekki muna hvort hafi verið haft samband við innheimtumann ríkissjóðs og hvort gerður hafi verið greiðslusamningur, en hún hafi ekki verið í slíkum samskiptum. Þá var ákærðu kynnt að ákærði Stefán hafi að einhverju leyti vísað á hana í framburði sínum,

að þau hafi sameiginlega borið ábyrgð á rekstrinum og tekið ákvörðun um að standa ekki skil á greiðslum til ríkissjóðs, en nýta féð þess í stað til að greiða laun. Kvaðst ákærða ekki vilja tjá sig um framburð ákærða Stefáns, en kvaðst ekki hafa borið ábyrgð á neinu í rekstrinum.

Við rannsókn málsins hjá Héraðssaksóknara var tekin vitnaskýrsla af B þann 18. nóvember 2022. Kom fram hjá honum að á árunum 2017 – 2019 hafi hann starfað hjá eigin félagi, F við færslu bókhalds og að skila skýrslum til skattýfirvalda. Hafi félagið A verið í viðskiptum við F en kvaðst ekki muna hvernig það hafi komið til. Kvaðst sjálfur hafa séð um þjónustu fyrir A. Kvaðst ekki hafa nein tengsl við ákærðu Stefán og Svanbjörgu. Hann hafi séð um að færa bókhald félagsins, en hann hafi ekki haft aðgang að bankareikningum félagsins.

Um bókhaldið kvað vitnið að það hafi ekki verið notað af stjórnendum félagsins, en það hafi fyrst og fremst verið notað til að gefa skýrslu til skattsins. Laun hafi verið reiknuð mánaðarlega og virðisaukaskattur á 2 mánaða fresti. Minnti að félagið hafi verið í mánaðarskilum, en það hafi ekki verið svo undir það síðasta. Kvaðst hafa fengið bókhaldsgögn afhent mánaðarlega þegar félagið var í mánaðarskilum, en á 2 mánaða fresti þegar uppgjörstímabilið hafi breyst. Venjulega hafi það verið ákærði Stefán sem hafi komið með gögnin til vitnisins. Lýsti vitnið því að vinnan hafi verið dýr og færsla bókhaldsins hafi verið barningur og útheimt mikla vinnu. Mikið hafi verið um að eigendur hafi verið að borga eitthvað sjálfir og fyrirtækið eitthvað. Bókhaldið hafi því í rauninni orðið tvöfalt og hafi þurft að stemma allt af til að ekki væri verið að tvíbóka reikninga. Aðspurður hvort ákærðu hafi bæði verið með persónulegan kostnað inni í fyrirtækinu kvað vitnið það oft vera þegar aðilar ættu fyrirtæki. Það hafi örugglega verið þannig að persónulegur kostnaður þeirra hafi verið færður á sitt hvorn reikninginn í bókhaldinu. Misjafnt hafi verið hvort hann hafi rætt við ákærða Stefán eða ákærðu Svanbjörgu þegar hann hafi þurft frekari skýringar, en yfirleitt hafi ákærði Stefán komið með gögnin til hans.

Þá lýsti vitnið því að F. hafi séð um að gera virðisaukaskattskýrslur fyrir A., en var ekki viss um skilin á skýrslunum. F skili ekki inn virðisaukaskattskýrslum án leyfis. Í þessu fyrirtæki hafi það örugglega verið þannig, a.m.k. undir það síðasta, að það hafi ekki verið gefið að það ætti að skila skýrslunum inn. Það hafi alltaf verið farið yfir það með fyrirsvarsmönnum félaga hver niðurstaða virðisaukaskattsins sé og þeir spurðir hvort skýrslan eigi að fara inn eða ekki. Kvaðst vitnið ekki muna hvort hann hafi borið

skýrslurnar undir ákærða Stefán eða ákærðu Svanbjörgu, en kvaðst halda að það hafi verið ákærða Svanbjörg, án þess að geta fullyrt um það. Þá kvað vitnið að annar starfsmaður F hafi séð um að reikna út laun og gera staðgreiðsluskilagreinar, en sá starfsmaður hafi þá verið í samskiptum við annað hvort ákærðu varðandi laun og annað því tengt.

Um stjórnun A. kvað vitnið að hann hafi haft það á tilfinningunni að það hafi verið ákærða Svanbjörg sem hafi stýrt rekstri félagsins og af þeim tveimur hafi það verið hún sem hafi ráðið ferðinni. Þetta væri byggt á tilfinningu og ekki öðru. Vitnið hafi átt samskipti við þau bæði og engin ákveðin mörk á því hvað hann hafi rætt við hvort þeirra. Varðandi bókhald hafi vitnið rætt við ákærðu Svanbjörgu ef málið varðaði vélar og tæki, það hafi verið misjafnt hvort þeirra hann ræddi við. Aðspurður um verkaskiptingu ákærðu kvað vitnið að ákærða Svanbjörg hafi örugglega kallað ákærða Stefán framkvæmdastjóra, en hún hafi sjálf verið eins og forstjóri eða eigandi. Kvaðst þó hafa haldið að þau væru bæði eigendur, en ákærða Svanbjörg hafi tekið ákvarðanir og ákærði Stefán framkvæmt. Undir lokin hafi svo eitthvað slest upp á milli ákærðu og þau svo hætt viðskiptum við F.

Undir vitnið var borinn ársreikningur A. vegna rekstrarársins 2017. Vitnið staðfesti að hafa gert ársreikninginn og lýsti því að þegar ársreikningur er gerður þá vantaði alltaf einhverjar upplýsingar og þær þyrfti þá að fá frá eigendum. Ársreikningurinn byggði þannig alltaf að einhverju leyti á upplýsingum frá eigendum. Aðspurður taldi vitnið að ársreikningurinn hafi verið borinn undir bæði ákærðu, en ekki endilega verið undirritaður. Aðspurður hvort vitnið hafi frekar kallað eftir upplýsingum frá ákærða Stefáni eða ákærðu Svanbjörgu kvaðst vitnið minna að það hafi oftari verið hún, en það fari svolítið eftir eðli máls hverju sinni. Aðspurður um það sem fram komi í ársreikningnum að ákærða Svanbjörg hafi verið eini hluthafinn í félaginu kvaðst vitnið hafa fengið þessar upplýsingar frá ákærðu Svanbjörgu. Ekkert í bókhaldinu segi til um þetta, en þetta sé eitt þeirra atriða sem þurfi að koma fram, það þurfi að gera hlutafjármiða og þá sé það spurning til þeirra og svar frá þeim. Aðspurður um það sem fram komi í ársreikningnum að ákærða Svanbjörg sé framkvæmdastjóri, en samt sem áður hafi vitnið áður skýrt frá því að ákærða Svanbjörg hafi titlað ákærða Stefán sem framkvæmdastjóra og hún sé ekki skráð sem framkvæmdastjóri hjá fyrirtækjaskrá, kvað vitnið að hann hafi minnt þetta og honum finnist það hafa verið þannig að ákærði Stefán hafi ekki viljað vera skráður framkvæmdastjóri.

Aðspurður um ársreikning fyrir rekstrarárið 2018 staðfesti vitnið að hafa gert hann. Það sama eigi við um þann ársreikning og hinn fyrri, þ.e. að hann hafi örugglega verið borinn undir bæði ákærðu. Kvaðst ekki eiga gott með að svara hvort einhver breyting hafi orðið á hlutverkum ákærðu á milli ára, en hann hafi ekki fengið neina slíka tilkynningu. Breytingar á upplýsingum í ársreikningnum hafi komið til eftir að ákærðu hafi fengið hann til yfirlstrar og verið spurð hvort einhverju ætti að breyta. Ef hann hafi haft samband við annað þeirra hafi getað gerst að þau vísuðu hvort á annað með frekari svör. Aðspurður um það sem fram komi í ársreikningnum að ákærða Svanbjörg sé eigandi og ákærði Stefán framkvæmdastjóri og að það sé breyting frá fyrri ársreikningi, kvað vitnið að hann myndi þetta atriði ekki sérstaklega, en ársreikningurinn hafi verið sendur til þeirra til yfirlstrar. Grunnur ársreiknings sé ársreikningur fyrra árs og sé svo bætt við hann. Ákærðu hafi verið spurð hvort þau vildu breyta einhverjum upplýsingum og algengt sé að breytingar séu gerðar á þeim kafla ársreikningsins, en það séu oft breytingar sem bókarinn viti ekki af. Þessi breyting sé þannig tilkomin eftir upplýsingar frá þeim. Þannig geti verið rétt sú tilfinning vitnisins að ákærði Stefán hafi ekki viljað vera titlaður sem framkvæmdastjóri og ákærða Svanbjörg því sett í hans stað. Var vitnið spurður að því hvort ákærðu hafi ekki gert athugasemdir við að ákærða Svanbjörg væri skráð sem 100% eigandi félagsins í báðum ársreikningum og kvað vitnið þau ekki hafa gert athugasemdir við það. Kvaðst þó halda að þau hafi í raun og veru átt félagið saman og kvaðst næstum viss um að þannig hafi það verið, a.m.k. í upphafi.

Þá var vitnið spurður að því hvort eitthvað hafi komið upp undir lokin og kvað hann það hafa verið stuttu áður en félagið hafi hætt þjónustu hjá F Ákærða Svanbjörg hafi talið ákærða Stefán vera að taka peninga út úr félaginu, sem hann ætti ekki. Kvaðst vitnið muna að þetta hafi ákærða Svanbjörg rætt við sig og beðið sig að finna út úr þessu.

Þá lýsti vitnið því að F hafi unnið lengi fyrir þau án þess að fá greitt fyrir. Þegar slíkt gerðist þá væri haft samband við eigendur félagsins. Í því sambandi hafi vitnið haft samband við bæði ákærðu, en mögulega oftast við ákærðu Svanbjörgu en við ákærða Stefán.

Ekki er þörf á að gera frekari grein fyrir málavöxtum.

Framburður við aðalmeðferð

Ákærði Stefán gaf skýrslu við aðalmeðferð. Ákærði skýrði frá því að hafa unnið hjá ákærðu Svanbjörgu. Aðspurður um A. kvaðst ákærði hafa starfað hjá félaginu sem

verkefnastjóri. Starfsemi félagsins hafi lotið að fóðrun fráveitulagna. Mest hafi starfsmenn verið um 8 talsins. Talsverð velta hafi verið hjá félaginu. Ákærða Svanbjörg hafi verið eigandi félagsins. Ákærði hafi sjálfur aldrei átt hlut í félaginu, hvorki skráðan né óskráðan. Ákærða Svanbjörg hafi væntanlega stofnað félagið. Á sínum tíma hafi félagið ætlað að gera tilboð hjá Veitum, en í útboðsgögnum hafi komið fram að tilboðsgjafi mætti ekki vera með sögu um gjaldþrota félag. Þess vegna hafi ákærði komið inn sem skráður framkvæmdastjóri vegna þess að ákærða Svanbjörg hafi haft sögu um gjaldþrota félag.

Aðspurður um tímabilið sem ákæra tekur til kvaðst ákærði hafa verið verkefnastjóri hjá félaginu. Ákærði kannaðist einnig við að hafa á öllu tímabilinu verið skráður framkvæmdastjóri.

Aðspurður um hlutverk ákærðu Svanbjargar kvað ákærði að hennar aðalstarf hafi verið tilboðsgerð og öflun viðskiptavina, auk ástandsskoðana. Hún hafi líka séð um að greiða reikninga, enda hafi hún verið miklu meira á skrifstofu félagsins en hann. Ástæða þess hafi verið sú að hún hafi verið með epoxy ofnæmi og því ekki getað verið í verklegum framkvæmdum. Hún hafi líka titlað sig framkvæmdastjóra. Aðspurður um stöðu ákærðu Svanbjargar kvað ákærði að engin breyting hafi orðið á störfum hennar þrátt fyrir brotthvarf hennar úr stjórn 8. desember 2017. Félagið hafi verið markaðssett þannig að það væri á vegum konu í iðnaðargeiranum. Ákærða hafi allan tímann litið á sig sem framkvæmdastjóra. Brotthvarf hennar úr stjórn hafi verið vegna útboðsskilmála Veitna sem áður greinir.

Aðspurður kvað ákærði að ekki hafi verið haldnir eiginlegir formlegir fundir í félaginu svo hann viti til.

Aðspurður kvað ákærði að F hafi séð um bókhald félagsins. Ákærða Svanbjörg hafi verið daglegur stjórnandi félagsins, sem og ákærði. Í litlu félagi geri menn bara það sem þarf að gera. Þegar hún hafi ekki verið við þá hafi ákærði séð um að greiða reikninga og annað sem gera þurfti. Ákærða Svanbjörg hafi séð um gerð verksamninga, en ákærði hafi getað komið að því líka. Starfsmannamál hafi verið erfið og mikil starfsmannavelta. Þau hafi bæði séð um starfsmannamálin. Verkaskipting milli þeirra hafi verið sú að ákærði hafi verið verkefnastjóri og verið meira úti í verkum. Ákærða Svanbjörg hafi verið í ásandsskoðun og tilboðsgerð og samskiptum við erlenda birgja sem hún hafi alfarið séð um. Hún hafi líka séð um að greiða reikninga.

Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa litið svo á að þau væru að reka þetta félag saman, hann hafi bara verið verkefnastjóri.

Ákærða Svanbjörg hafi séð um fjármál félagsins og verið í sambandi við F. Hún hafi t.d. séð um launaútreikning og launaútgreiðslu. Ákærði hafi líka séð um að greiða laun ef hún var í fríi. Ákærða hafi yfirleitt séð um að greiða reikninga, en hann hafi líka gert það einhvern tíma. Þau hafi bæði komið að útgáfu reikninga.

Aðspurður um ábyrgð á ráðstöfun fjármuna félagsins hafi legið hjá ákærðu Svanbjörgu. Þau hafi rætt hvað ætti að greiða og hvað ekki. Þau hafi lent í vandræðum með galla í fóðringum sem hafi komið í ljós árið 2017. Þetta hafi reynst þeim mjög erfitt.

Aðspurður kvaðst ákærði halda að hann hafi aldrei verið í stjórn félagsins.

Aðspurður kvaðst ákærði hafa verið meðvitaður um fjárhagslega stöðu félagsins á tímabilinu 2017 – 2019 a.m.k. að einhverju leyti. Kvaðst hafa vitað að félagið var ekki að standa skil á virðisaukaskatti og staðgreiðslu. Kvaðst ekki muna hvenær það hafi orðið sér ljóst. Kvaðst hafa reynt að semja við Skattinn og skrifað undir 1 eða 2 greiðsluáætlanir og hafa haft af þessu mjög miklar áhyggjur. Þau hafi rætt þetta sín á milli, en ekki hafi í rauninni verið tekin sérstök ákvörðun um að greiða ekki virðisaukaskatt og staðgreiðslu. Það hafi bara ekki verið til peningar.

Aðspurður kvað ákærði að F hafi séð um gerð virðisaukaskattskýrslna og staðgreiðsluskilagreina. Ákærði hafi ekki komið að gerð þeirra, en hann hafi haldið utan um nótur og komið þeim til bókhaldspjónustunnar. Ákærða Svanbjörg hafi líka gert það, sem og aðrir starfsmenn. Aðspurður kvaðst ákærði ekki minnst þess að staðgreiðsluskilagreinar og virðisaukaskattskýrslur hafi verið bornar undir hann áður en þeim var skilað inn, en það geti þó vel verið. Aðspurður kvað ákærði að í flestum tilfellum hafi ákærða Svanbjörg séð um að greiða virðisaukaskatt og staðgreiðslu þegar það var gert. Mögulega geti ákærði líka hafa gert það, en kvaðst ekki muna það. Það hafi bara verið þau tvö sem höfðu aðgang að þessu.

Undir ákærða voru bornar greiðsluáætlanir félagsins við skattyfirvöld 9. ágúst 2017 og 4. febrúar 2019 og staðfesti ákærði undirritanir sínar á báðum greiðsluáætlunum. Kannaðist við að hafa verið í samskiptum við skattyfirvöld fyrir félagið vegna þessa. Kvaðst ekki vita hvort ákærða Svanbjörg hafi verið í slíkum samskiptum en efaðist um það. Þau hafi rætt þessar greiðsluáætlanir. Ákærði hafi lagt á það áherslu að staðið yrði við greiðslurnar.

Aðspurður um félagið E. kvað ákærði að ákærða Svanbjörg hafi rekið það félag og starfsemi þess hafi verið sú sama og A. Síðarnefnda félagið hafi í raun tekið við starfi E sem og tæki og búnað.

Undir ákærða voru borin heildaryfirlit um vangoldinn innheimtan virðisaukaskatt að fjárhæð 31.543.098 krónur. Hafði ákærði engar athugasemdir við yfirlitin og fjárhæðir og kvaðst gera ráð fyrir að rétt væri með farið.

Aðspurður hvers vegna ekki hafi verið staðin skil á virðisaukaskattskýrslum sem lýst er í 1. lið ákæru kvaðst ákærði ekki vita það. Mögulega geti það hafa skýrst af skuld félagsins við bókhaldsþjónustuna F Þá var ákærði spurður hvers vegna ekki hafi verið staðin skil á innheimtum virðisaukaskatti sem gerð er grein fyrir í ákæru. Kvaðst halda að ekki hafi verið til peningar til að greiða virðisaukaskattinn enda staðan verið erfið. Kvaðst ekki vita nákvæmlega í hvað fjármunirnir fóru. Ákærða Svanbjörg hafi borið ábyrgð á því að innheimtum virðisaukaskatti var ekki skilað. Í raun hafi ekki verið tekin sérstök ákvörðun um þetta, en það hafi einfaldlega ekki verið til peningar til að gera eitt eða neitt. Ákærða Svanbjörg hafi séð um samskiptin við bókarann og verið eigandi félagsins. Aðspurður hvort ákærði hafi borið einhverja ábyrgð á þessu sem framkvæmdastjóri kvaðst hann sjálfsagt gera það.

Undir ákærða voru borin heildaryfirlit um vangoldna afdregna staðgreiðslu að fjárhæð 21.119.870 krónur. Hafði ákærði engar athugasemdir við yfirlitin og fjárhæðir.

Aðspurður hvers vegna ekki hafi verið staðið skil á staðgreiðsluskilagrein eins og lýst er í lið 2 í ákæru kvaðst ákærði telja líklegt að það hafi verið vegna þess að félagið hafi skuldað bókarann fyrir vinnu sína. Aðspurður hvers vegna ekki hafi verið staðin skil á afdreginni staðgreiðslu eins og lýst er í ákæru kvað ákærði að ekki hafi verið til peningar í fyrirtækinu til þess. Um ábyrgðina á þessu kvað ákærði að hann sjálfur og ákærða Svanbjörg bæru bæði ábyrgð á því að staðgreiðslunni hafi ekki verið skilað. Aðspurður kvaðst ákærði hafa vitað af því að þessum gjöldum hafi ekki verið skilað.

Undir ákærða var borinn framburður hans hjá Héraðssaksóknara. Staðfesti ákærði að hafa verið framkvæmdastjóri félagsins allan þann tíma sem greinir í ákæru. Þá staðfesti ákærði að rétt sé að einhverjir fundir hafi verið haldnir í félaginu, án þess að þeir hafi verið bókaðir. Þeir hafi þá verið með B hjá F og hafi verið rætt um skuldastöðu félagsins. Þá staðfesti ákærði þann framburð sinn að það hafi verið sameiginleg ákvörðun hans og ákærðu Svanbjargar að standa ekki skil á innheimtum virðisaukaskatti og

afdreginni staðgreiðslu. Þá staðfesti ákærði þann framburð sinn að það hafi verið sameignleg ákvörðun þeirra að standa ekki skil á tilgreindum virðisaukaskattsgreiðslum.

Aðspurður kvaðst ákærði hafa tekið að sér framkvæmdastjórástöðuna hjá A vegna útboðsins hjá Veitum þar sem útboðsgögn útilokuðu ákærðu Svanbjörgu sem framkvæmdastjóra. Hann hafi viljað styðja við bakið á henni með þessu.

Aðspurður kvað ákærði að hann og ákærða Svanbjörg hafi bæði staðið að ráðningum, þó heldur meira hann. Þá kannaðist ákærði við að hafa ritað undir verktilboð og einhver önnur skjöl fyrir félagið.

Aðspurður um störf C hjá félaginu kvað ákærði að C hafi verið hjá félaginu allan tímann sem greinir í ákæru og verið tæknimaður og komið að fóðrun fráveitulagna.

Aðspurður kvað ákærði að það hafi verið alveg ljóst að ákærða Svanbjörg hafi verið framkvæmdastjóri og haft lokaorðið. Hún hafi verið meira í samskiptum við B hjá F heldur en ákærði.

Aðspurður hvers vegna ákærði hafi komið að gerð eða samningi greiðsluáætlana við skattyfirvöld en ekki ákærða Svanbjörg kvaðst ákærði hafa haft miklar áhyggjur af stöðunni og þetta komið í hans hlut. Ákærðu Svanbjörgu hafi þótt þetta mjög óþægilegt.

Þá lýsti ákærði því að ákærða Svanbjörg hafi séð um að vera í samskiptum við erlenda birgja. Það hafi verið áhersla á að greiða birgjum frekar en að skila inn innheimtum virðisaukaskatti og afdreginni staðgreiðslu.

Aðspurður um framburð ákærðu Svanbjargar við rannsókn málsins að ákærði hafi tekið allar ákvarðanir um fjármál og rekstur félagsins kvað ákærði það ekki rétt. Þá sé heldur ekki réttur framburður hennar að hún hafi aðeins verið almennur starfsmaður. Það sé alrangt. Þá sé rangur framburður hennar um að hún hafi enga ábyrgð borið á rekstrinum.

Aðspurður um skýrslu sem ákærði gaf hjá skiptastjóra þrotabús A. 13. janúar 2020, þar sem ákærði kvaðst hafa verið eigandi félagsins og að ákærða Svanbjörg hafi aðeins unnið hjá honum, kvað ákærði að það hafi hann sagt til að hlífa henni, en þetta sé ekki rétt. Hún hafi þegar gengið gegnum eitt gjaldþrot.

Ákærða Svanbjörg gaf skýrslu við aðalmeðferð. Ákærða er [...]. Kvað ákærða að ákærði Stefán hafi látið sig stofna félagið A. með sér undir nafninu G í upphafi. Það hafi verið hugsað sem matartengt ferðapjónustufyrirtæki, enda ákærði Stefán matreiðslumaður. Þetta hafi hins vegar aldrei farið af stað og félagið verið nýtt til að taka rekstur E yfir. Hún hafi svo unnið hjá A. sem faglegur stjórnandi á verkstað og

skrifstofumaður. Hún hafi í rauninni verið verkstjóri og sölumaður og sinnt tilboðsgerð og samningum við verkkaupa. Mest hafi starfsmenn verið 7 en oftast verið 4 – 5. Ákærði Stefán hafi verið eigandi félagsins. Þá kvað ákærða að hún hafi verið látin stofna félagið. Nánar aðspurð hafi þau stofnað félagið E. saman en ákærði Stefán hafi ekki viljað láta nafnið sitt vera sýnilegt. Hún hafi hins vegar ekki viljað vera stofnandi A. Þá kannaðist ákærða við að hafa verið skráð í stjórn A. en verið skráð úr stjórninni í desember 2017. Á þeim tíma hafi hún verið farin að sjá mynstur sem henni hafi ekki litist á, þ. e. að skattur og annað hafi ekki verið greitt. Starf hennar hafi í raun verið sölumaður og verkstjóri. Hún hafi afar litla þekkingu haft á fyrirtækjarekstri og ákærði Stefán hafi stjórnað öllum peningamálum í báðum félögunum. Hún hafi t.d. ekki vitað um hve mikil vanskilin væru sem lýst er í ákæru. Hún hafi hins vegar komið fram út á við sem ímynd A. sem fyrsta konan til að verða pípulagningameistari.

Aðspurð kannaðist ákærða við að hafa verið í stjórn A. frá stofnun til desember 2017. Hlutverk hennar hafi þó lítið breyst við að ganga úr stjórninni. Hún hafi farið úr stjórninni vegna þess að henni hafi þótt fjármál félagsins stefna í óefni.

Þá lýsti ákærða því að ákærði Stefán hafi verið daglegur stjórnandi félagsins A og þ.m.t. allri peningahliðinni. Hann hafi verið framkvæmdastjóri félagsins og rekið félagið. Hann hafi ráðið og rekið starfsmenn og ákveðið launamál og alla slíka hluti. Aðspurð kvaðst ákærða ekki muna eftir neinum fundum í félaginu, en þau hafi hitt bókarann B saman. Kvaðst ekki muna hvað þá hafi verið rætt. Vel geti verið að þá hafi verið rædd skuldastaða félagsins við ríkissjóð.

Aðspurð kvaðst ákærða ekki hafa komið að peningahlið daglegrar stjórnunar, en hún hafi verið í ýmsu snatti og sinnt ýmsu, enda lítið fyrirtæki. Hún hafi verið með aðgang að bankareikningum félagsins og netbanka.

Undir ákærðu var borinn ársreikningur félagsins árið 2017 þar sem fram kemur að ákærða er bæði tiltekin sem eigandi og framkvæmdastjóri félagsins. Kvaðst ákærða hafa gert munnlegar athugasemdir við B um báðar skráningar, en henni hafi verið sagt að þetta skipti ekki máli. Kvaðst ekki vita hvers vegna þetta hafi verið. Henni finnst eins og hafi átt að koma á hana einhverri sök.

Undir ákærðu var borinn ársreikningur félagsins árið 2018 þar sem ákærða er tilgreind eini hluthafi félagsins. Kvaðst ekki hafa skýringar á þessu og það sé rangt að hún hafi verið eigandi. Þetta sé ekki byggt á upplýsingum frá henni sjálfri.

Undir ákærðu var borið tilboð A. í viðgerð á skólplögnum og tölvupóstur frá ákærðu árið 2017 þar sem hún er titluð framkvæmdastjóri, sem og tölvupóstur frá september 2017 fram í febrúar 2018 þar sem hún er titluð framkvæmdastjóri. Kvað ákærða að þetta hafi alltaf verið gert út á við vegna ímyndar fyrirtækisins.

Þá lýsti ákærða því að eftir að hún hafi fengið ofnæmi fyrir epoxy og slasast á úlnið hafi starf hennar meira farið inn á skrifstofu félagsins. Þetta hafi verið um árabilið 2015 – 2017.

Ákærða lýsti því að ákærði Stefán hafi séð um fjármál félagsins að öllu leyti. Hann hafi t.d. ákveðið hvað ætti að greiða og hvað ekki. Hún hafi t.d. aldrei farið inn á heimabanka félagsins og greitt reikninga án þess að hafa til þess fyrirmæli frá honum. Þetta hafi verið á svipaðan hátt bæði fyrir og eftir að hún fór úr stjórn í desember 2017.

Aðspurð kvað ákærða að hún hafi oft gefið út reikninga fyrir félagið og greitt laun starfsmanna. Hún hafi spurt ákærða hvað hún ætti að borga. Ákvarðanir um það hafi ekki verið sameiginlegar. Henni hafi verið ljóst undir lok ársins 2017 hvernig félagið var statt fjárhagslega. Hún hafi verið búin að átta sig á vanskilum á virðisaukaskatti og staðgreiðslu þegar hún fór úr stjórninni í desember 2017. Hún hafi þó ekki gripið til neinna ráðstafana sjálf.

Þá lýsti ákærða því að B hjá F hafi séð um gerð virðisaukaskattskýrslna og staðgreiðsluskilagreina fyrir félagið. Hún hafi stundum farið með gögn til B vegna þessa. Kvaðst ekki muna til þess að staðgreiðsluskilagreinar og virðisaukaskattskýrslur hafi verið bornar undir hana áður en þeim var skilað inn.

Aðspurð hver hafi séð um að greiða innheimtan virðisaukaskatt og afdregna staðgreiðslu þegar það var gert kvaðst ákærða stundum hafa gert það eftir fyrirmælum ákærða Stefáns. Ákærði Stefán hafi líka gert það.

Aðspurð um 2 greiðsluáætlanir félagsins við tollstjóra í ágúst 2017 og febrúar 2019 kvaðst ákærða ekki kannast við þær. Hún hafi ekki verið í samskiptum við Skattinn vegna þessa og ekki samið um greiðslur. Ákærði Stefán hafi séð um það. Þau hafi ekki rætt þessar greiðsluáætlanir.

Undir ákærðu voru borin yfirlit um innheimtan en vangoldinn virðisaukaskatt vegna árána 2017 – 2019 þar sem heildarvanskil eru tilgreind alls 31.543.098 krónur. Kvaðst ákærða ekki hafa neinar forsendur til að rengja þau eða undirliggjandi gögn. Kvaðst ekki þekkja fjárhæðirnar og kvaðst ekki skilja hvernig þetta geti hafa farið í þessar upphæðir. Aðspurð hvers vegna virðisaukaskattskýrslum var ekki skilað á lögmaeltum

tíma, sbr. ákærulið 1 kvaðst ákærða ekki vita það. Um það hvers vegna ekki hafi verið staðin skil á innheimtum virðisaukaskatti kvaðst ákærða ekki vita það. Örugglega hafi bara vantað peninga. Ábyrgð á því að ekki hafi verið staðin skil á innheimtum virðisaukaskatti hafi verið hjá ákærða Stefáni sem hafi séð um þessi mál. Kvaðst halda að innheimtur virðisaukaskattur hafi farið í laun og efni.

Undir ákærðu voru borin yfirlit yfir afdregna en vangoldna staðgreiðslu vegna rekstraráranna 2017 – 2019 þar sem heildarvanskil eru tilgreind alls 21.094.760 krónur. Kvaðst ákærða ekki gera neinar athugasemdir við yfirlitin og fjárhæðirnar og ekki heldur þau gögn sem yfirlitin byggja á. Kvaðst ekki vita hvers vegna ekki hafi verið staðin skil á staðgreiðsluskilagreini fyrir september 2017. Kvaðst ekki vita hvers vegna ekki hafi verið staðin skil á staðgreiðslunni. Það hafi verið á ábyrgð ákærða Stefáns.

Vitnið B gaf skýrslu við aðalmeðferð. Vitnið er viðskiptafræðingur með meistaranám í skattarétti og starfar við bókhald. Árin 2017 – 2019 starfaði vitnið við bókhald hjá félaginu F sem var að hluta í eigu vitnisins. Vitnið vann fyrir bæði ákærðu og kvaðst minna að hafa séð um bókhald fyrir A ásamt öðrum félögum. Vitnið staðfesti skýrslu sína hjá Héraðssaksóknara. Kvaðst ekki muna hvernig það hafi komið til að hafa séð um téð bókhald. Hann hafi átt samskipti við bæði ákærðu og það hafi ýmist verið hvort þeirra var í sambandi við vitnið vegna þess. Vitnið hafi líka séð um ársreikningagerð og skil ársreikninga. Vitnið kvaðst hafa fundist ákærða Svanbjörg vera aðalmaðurinn í félaginu frekar en ákærði Stefán, en þetta hafi bara verið tilfinning. Sér hafi þótt ákærða Svanbjörg ráða meiru en ákærði Stefán, en hann hafi verið í sambandi við þau bæði og þau bæði komið með gögn til vitnisins vegna vinnunnar. Vitnið sá jafnframt um gerð virðisaukaskattskýrslna fyrir þau, ásamt færslu bókhalds, gerð virðisaukaskattsuppgjors, launaútreikning og útreikning og gerð staðgreiðsluskilagreina, auk ársreikningagerðar. Þá kvað vitnið að hann hafi séð um að skila inn virðisaukaskattskýrslum fyrir félagið. Allur gangur hafi verið á því hvort virðisaukaskattskýrslurnar hafi verið bornar undir ákærðu áður en þeim var skilað inn. Ef allt hafi verið óðlilegt hafi ekki endilega verið haft samband við ákærðu. Kvaðst ekki muna sérstaklega eftir því að hafa borið virðisaukaskattskýrslur undir ákærðu, en almennt hafi virðisaukaskattskýrslur verið bornar undir viðskiptavini ef eitthvað hafi þótt óeðlilegt. Það hafi verið þannig í þessu tilfelli og verið ágæt samvinna við ákærðu. Vitnið hafi líka séð um að skila inn staðgreiðsluskilagreinum fyrir félagið. Þær séu unnar upp úr launaseðlum sem komu úr félaginu. Kvaðst ekki muna eftir neinu óeðlilegu sem hafi

þurft að ræða við ákærðu í því sambandi. Vitnið kvaðst ekki hafa séð um neinar greiðslur á innheimtum virðisaukaskatti og afdreginni staðgreiðslu. Kvaðst ekki muna hvort hann hafi haft aðgang að bankareikningum félagsins. Aðspurður hver hafi stýrt rekstri A. kvað vitnið að sér hafi fundist það vera frekar ákærða Svanbjörg en ákærði Stefán. Hún hafi virst vera númer 1 og þau vera saman með þennan rekstur. Aðspurður kvaðst vitnið ekki hafa vitað hver átti félagið. Kvaðst ekki muna hvað sér hafi verið sagt um það. Sér hafi þótt þau eiga þetta bæði, en sig minni að ákærði Stefán hafi þurft að „fronta“ það.

Undir vitnið voru bornir ársreikningar félagsins árin 2017 og 2018. Vitnið staðfesti að hafa gert þá. Vitnið kvaðst ekki muna hvort ákærðu hann hafi frekar haft samband vegna gerðar ársreikninganna, en sennilega þau bæði. Aðspurður um það sem greinir í ársreikningi 2017 um að ákærða Svanbjörg sé framkvæmdastjóri, sem sé í andstöðu við það sem greinir í hlutafélagaskrá þar sem ákærði Stefán hafi verið skráður framkvæmdastjóri, kvaðst vitnið ekki geta skýrt það misræmi. Oft sé þetta unnið upp úr fyrri ársreikningi með „copy/paste“ ef ekki hafi verið látið vita um breytingar. Ef það hafi ekki verið svo þá hafi þessar upplýsingar komið frá ákærðu, öðru eða báðum. Aðspurður um ársreikninga 2017 og 2018 þar sem fram kemur að ákærða Svanbjörg hafi verið eini eigandi félagsins kvaðst vitnið ekki muna á hverju það hafi byggt, en þetta séu upplýsingar sem séu komnar frá þeim. Vitnið kvaðst ekki muna eftir að ákærða Svanbjörg hafi gert athugasemdir við þessa skráningu, en því hefði þá verið breytt. Vitnið kvað aðspurður að ársreikningarnir hafi verið bornir undir fyrirsvarsmann félagsins, en kvaðst ekki muna hvernig eða hvort ákærðu hafi komið að því. Þá kannaðist vitnið við að hafa marg oft rætt við bæði ákærðu. Þá hafi skuldastaða félagsins örugglega verið rædd og þá líka skuldastaða við skattyfirvöld. Kvaðst ekki muna eftir ákveðnum tilvikum.

Undir vitnið var borinn framburður hans hjá Héraðssaksóknara um að ákærði Stefán hafi ekki viljað vera skráður framkvæmdastjóri. Kvaðst vitnið ekki muna þetta glögglega, en nú minni sig að þetta hafi verið á hinn veginn þannig að ákærði Stefán hafi þurft að vera skráður framkvæmdastjóri. Aðspurður um það sem fram kemur í skýrslu vitnisins hjá Héraðssaksóknara að ársreikningar hafi örugglega verið bornir undir bæði ákærðu áður en þeir hafi verið sendir inn, staðfesti vitnið það. Þá var vitnið spurt um framburð sinn um að þau hafi bæði virst vera eigendur, ákærða Svanbjörg tekið endanlegar ákvarðanir og ákærði Stefán framkvæmt. Vitnið staðfesti þetta. Vitnið staðfesti að hafa greint rétt frá öllu við skýrslu sína hjá Héraðssaksóknara. Vitnið las yfir

framburð sinn hjá Héraðssaksóknara og staðfesti hann rétt eftir hafðan. Kvaðst væntanlega hafa munað betur þá og fannst framburðurinn vera afdráttarlausari en hann væri nú. Staðfesti að hafa lesið framburðinn yfir á sínum tíma og staðfest hann réttan og rétt hafðan eftir. Kvaðst hafa sagt þar satt og rétt frá og ætti engar minningar um annað.

Vitnið C gaf skýrslu gegnum síma við aðalmeðferð. Vitnið var framkvæmdastjóri eða forstjóri erlends fyrirtækis, I.S.T. Scandinavia A/S, sem var í viðskiptum við A. Vitnið lýsti því að hafa í þeim efnum haft samskipti við ákærða Stefán sem hafi komið fram fyrir hönd hins íslenska félags og eftir bestu vitneskju vitnisins hafi hann verið fyrirsvarsmáður A. Vitnið kvaðst hafa talað mest við ákærðu Svanbjörgu í tengslum við samningagerð milli félaganna. Aðspurður kvað vitnið að það hafi verið ákærði Stefán sem hafi verið í forsvari fyrir A vegna skulda félagsins við hið erlenda félag. Aðspurður kvaðst vitnið vera í litlum samskiptum við ákærðu Svanbjörgu, en þó væru aðeins samskipti milli þeirra vegna smáverkefnis. Vitnið kvaðst aðspurður hafa verið í viðskiptasambandi við ákærðu Svanbjörgu vegna verkefnis á Grænlandi, en það sé ekki nú. Aðspurður kvaðst vitnið oftara hafa haft samskipti við ákærðu Svanbjörgu vegna A. heldur en við ákærða Stefán. Samskiptin við ákærða Stefán hafi bara verið vegna reikninga.

Vitnið D kom fyrir dóminn við aðalmeðferð. Vitnið starfaði hjá A frá upphafi og til loka. Vitnið vann að viðhaldi, fóðrun og ástandsskoðun skólplagna. Eigendur félagsins hafi verið ákærðu bæði tvö. Þau hafi bæði stýrt og stjórnað félaginu. Ekki hafi verið sýnileg aðgreining hvort þeirra væri framkvæmdastjóri og hvort væri fjármálastjóri. Aðspurður um hlutverk þeirra kvað vitnið að þau hafi bara gengið í þau störf sem þurft hafi, hvort sem það var tilboðsgerð, ástandsskoðanir eða vinna á gólfinu. Vitnið kvað aðspurður að ákærði Stefán hafi verið sá sem réði vitnið til vinnu hjá félaginu. Vitnið kvaðst áður hafa starfað hjá félaginu E sem einnig hafi verið rekið af ákærðu báðum. Þau hafi bæði komið fram gagnvart vitninu sem stjórnendur þess félags, en vitnið kvaðst ekki vita hver hafi verið eigandi þess. A ehf. hafi tekið við rekstri E og verið rekið undir heitinu Eþ Vitnið kannaðist við að hafa verið varamaður í stjórn E og það hafi verið að beiðni ákærða Stefáns. Vitnið kannaðist líka við að hafa verið varamaður í stjórn A og það hafi líka verið að beiðni ákærða Stefáns. Vitnið staðfesti að vinna nú hjá félagi á vegum ákærða Stefáns, en ákærðu séu bæði vinir vitnisins.

Forsendur og niðurstöður

Eins og að ofan greinir er ákærðu báðum gefin að sök meiri háttar brot gegn skattalögum í rekstri félagsins A.

Er málið höfðað gegn ákærða Stefáni sem framkvæmdastjóra félagsins, en gegn ákærðu Svanbjörgu sem stjórnarmanni og prókúruhafa félagsins til 8. desember 2017 og daglegum stjórnanda þess.

Snúa ákæruatriðin m.a. að því að ekki hafi verið staðin skil á virðisaukaskattskýrslum og virðisaukaskatti sem innheimtur var eða innheimta bar, allt eins og nánar greinir í ákæru.

Þá eru ákærðu borin þeim sökum að hafa ekki staðið skil á staðgreiðsluskilagrein fyrir greiðslutímabilið september rekstrarárið 2017, en einnig að hafa ekki staðið skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, allt eins og nánar greinir í ákæru.

Í ákæru er litið til þess að afdregin staðgreiðsla vegna ákærðu hvors um sig er ekki alveg sú sama og því fjárhæðir vegna afdreginnar en vangoldinnar staðgreiðslu mismunandi sem því nemur.

Ákærðu neita bæði sök og krefjast sýknu.

Sýknukröfur ákærðu eru ekki á því byggðar að því sé ranglega haldið fram í ákæru að virðisaukaskattskýrslum og staðgreiðsluskilagrein hafi ekki verið skilað inn á lögmæltum tíma, eins og nánar greinir í ákæru. Þá eru sýknukröfur ákærðu ekki heldur á því byggðar að því sé ranglega haldið fram í ákæru að virðisaukaskatti, sem innheimtur var, eða sem innheimta bar, allt eins og nánar greinir í ákæru, hafi ekki verið skilað til ríkissjóðs. Sýknukröfurnar eru heldur ekki á því byggðar að því sé ranglega haldið fram í ákæru að staðgreiðslu hafi ekki verið skilað til ríkissjóðs, allt eins og nánar greinir í ákæru. Verður ekki séð að neinn ágreiningur sé um þetta og þá er ekki heldur tölulegur ágreiningur í málinu varðandi virðisaukaskatt og staðgreiðslu. Þetta má t.a.m. sjá á framburði beggja ákærðu við aðalmeðferð, að hvorugt þeirra gerir athugasemdir við ákæru sem lúta að því að virðisaukaskattskýrslum og staðgreiðsluskilagrein hafi ekki verið skilað. Þá gerir hvorugt þeirra athugasemdir við fjárhæðir virðisaukaskatts og vanskil á honum til ríkissjóðs og gegnir sama máli um afdregna staðgreiðslu. Að þessu leyti er lýsing í ákæru í samræmi við gögn málsins og er hafið yfir skynsamlegan vafa að virðisaukaskattskýrslum og staðgreiðsluskilagrein, sem og virðisaukaskatti og staðgreiðslu var ekki skilað svo sem bar.

Sýknukröfur ákærðu beggja byggja hins vegar á því að þau hafi ekki verið stjórnendur félagsins og hafi ekki borið ábyrgð á skilum á virðisaukaskattskýrslum og

staðgreiðsluskilagrein, sem og greiðslu á virðisaukaskattinum og staðgreiðslunni. Benda þau að mestu leyti hvort á annað í þessu efni. Þetta er þó ekki alveg einhlítt. Þannig lýsti ákærði Stefán því við skýrslugjöf sína hjá Héraðssaksóknara að hann og ákærða Svanbjörg hafi í sameiningu séð um daglega stjórn félagsins, fjármálastjórn hafi verið í höndum þeirra beggja og þau hafi bæði séð um að greiða reikninga. Við skýrslugjöf sína hjá skiptastjóra þrotabús A. hafði ákærði Stefán hins vegar lýst því að hann væri sjálfur eigandi félagsins og að ákærða Svanbjörg hafi bara verið starfsmaður hjá honum. Hún hafi ekki verið eigandi. Við aðalmeðferð kvaðst ákærði hins vegar bara hafa unnið hjá ákærðu Svanbjörgu og að hún hafi verið eigandi félagsins.

Ákærði Stefán kannaðist við það við aðalmeðferð að hafa verið skráður framkvæmdastjóri félagsins allan þann tíma sem ákæra tekur til og það er í samræmi við gögn málsins. Hann hafi þó bara verið verkefnastjóri, þrátt fyrir að hafa verið meðvitaður um stöðu félagsins og að félagið væri ekki að standa skil á virðisaukaskatti og staðgreiðslu. Þá kannaðist hann líka við að þau ákærðu hafi rætt þetta sín á milli. Aðspurður við aðalmeðferð hvort ákærði Stefán hafi borið ábyrgð á þessu sem framkvæmdastjóri kvaðst hann sjálfsagt gera það.

Þannig hefur framburður og afstaða ákærða Stefáns til ábyrgðar hans og hlutverks hjá umræddu félagi verið á ýmsa lund, allt frá því að hann hafi verið eigandi og séð um rekstur félagsins og yfir í það að hann hafi aðeins verið í vinnu hjá ákærðu Svanbjörgu og að öll ábyrgð á rekstri félagsins og skattskilum þess hafi legið hjá henni.

Fyrir liggur að ákærði Stefán var skráður framkvæmdastjóri félagsins allan þann tíma sem ákæra tekur til. Ákærði hefur lýst því að það hafi aðeins verið til málamynda vegna þess að ákærða Svanbjörg hafi ekki getað verið skráð framkvæmdastjóri vegna skilyrða í útboði hjá Veitum. Að mati dómsins er þessi skýring ákærða Stefáns ekki sérlega trúverðug, en útboðið var í byrjun desember 2017, en þá hafði ákærði verið skráður framkvæmdastjóri félagsins allt frá upphafi þegar félagið var stofnað undir öðru nafni í júní 2016. Þá verður ekki hjá því litið að ákærði Stefán ritaði undir greiðsluáætlanir félagsins við skattyfirvöld 9. ágúst 2017 og 4. febrúar 2019 og staðfesti að hafa verið í samskiptum við skattyfirvöld fyrir félagið vegna þessa. Þetta þykir ekki vera í samræmi við það litla hlutverk sem ákærði Stefán vill nú halda fram að hann hafi haft gagnvart rekstri og fjármálum félagsins.

Vitnið B, sem sá um bókhald og ársreikningagerð fyrir umrætt félag A kom fyrir dóminn við aðalmeðferð eins og að ofan greinir. Af framburði hans, hvort heldur sem er

hjá Héraðssaksóknara eða við aðalmeðferð, verður ekki annað ráðið en að hann hafi verið í samskiptum við bæði ákærða Stefán, sem og ákærðu Svanbjörgu, vegna A. Gildir það um fjármál félagsins, gerð ársreikninga, öflun gagna fyrir vinnslu bókhalds og annars sem ræða þurfti. Verður ekki annað ráðið af framburði þessa vitnis en að ákærðu hafi bæði saman staðið að rekstri félagsins og stjórnað ferðinni um reksturinn og fjármál félagsins, þ.m.t. skattskilum og ráðstöfun fjármuna. Af framburði vitnisins verður ekki dregin sú ályktun að einungis annað þeirra hafi ráðið ferðinni og stjórnað félaginu, heldur þvert á móti. Það er að þau hafi bæði séð um og tekið ákvarðanir og borið ábyrgð á rekstri félagsins.

Vitnið C, sem var starfsmaður A allan starfstíma félagsins, gaf skýrslu við aðalmeðferð eins og áður greinir. Af framburði hans verður ekki dregin sú ályktun að einungis annað ákærðu hafi stjórnað og stýrt rekstri félagsins. Þvert á móti verður af framburði þessa vitnis dregin sú ályktun að ákærðu hafi bæði staðið að rekstri félagsins og tekið um hann ákvarðanir, þ.m.t. um fjármál félagsins.

Ákærða Svanbjörg byggir á því, líkt og ákærði Stefán með öfugum formerkjum, að hún hafi aðeins verið starfsmaður félagsins og að ákærði Stefán hafi stjórnað og stýrt rekstri félagsins og þannig borið alla ábyrgð á rekstrinum. Hún hefur t.a.m. lýst því að hún hafi ekki greitt neina reikninga eða gert aðrar ráðstafanir um fjármál nema eftir fyrirsögn og að fengnu leyfi ákærða Stefáns. Hún hefur hins vegar lýst því að hafa staðið að gerð tilboða og verksamninga fyrir hönd félagsins. Þá hefur hún kannast við að hafa haft aðgang að bankareikningum félagsins og í einhverjum tilfellum greitt reikninga og „borgað laun og svona“.

Fyrir liggur að ákærða Svanbjörg sendi inn tilkynningu um stofnun félagsins og skrifar undir hana sem stjórnarmaður og að samkvæmt ársreikningum 2017 og 2018 var hún tiltekin sem eini eigandi félagsins. Í framburði sínum við aðalmeðferð lýsti hún því að þessi tilgreining eignarhaldsins væri röng og að hún hafi munnlega gert athugasemdir við þetta við B sem útbjó ársreikningana. B kannaðist hins vegar ekki við það við aðalmeðferð að athugasemdir hafi komið fram um þetta, enda hefði þessu þá verið breytt í ársreikningnum 2018. Þá lýsti B því í framburði sínum að svona upplýsingar í ársreikningi komi frá fyrirsvarsmönnum viðkomandi félags. Þá mætti ætla að ef tilgreining eignarhalds ákærðu Svanbjargar í ársreikningi 2017 hefði verið röng að þá hefði hún gengið eftir því að það yrði leiðrétt fyrir gerð ársreiknings 2018, en ekki liggur fyrir að hún hafi gert neinn reka að því. Auk þessa var ákærða Svanbjörg jafnframt sögð

vera framkvæmdastjóri félagsins í ársreikningi 2017, en það er í samræmi við tölvupósta frá ákærðu Svanbjörgu þar sem hún er titluð framkvæmdastjóri félagsins. Þá verður ekki horft fram hjá því að samkvæmt skráningu var ákærða Svanbjörg stjórnarmaður og prókúruhafi félagsins allt fram til 8. desember 2017 þegar þeirri skráningu var breytt. Ekkert hefur hins vegar komið fram í málinu, sbr. framburði vitnanna B og D, um að hlutverk og staða ákærðu Svanbjargar hafi í reynd breyst eftir 8. desember 2017 þrátt fyrir að hún hafi ekki verið skráður stjórnarmaður eftir þann dag. Þannig undirritaði hún t.d. húsaleigusamning fyrir hönd félagsins þann 11. febrúar 2019, en á leigusamningnum er ákærði Stefán tilgreindur sem vottur að honum.

Þá hafa verið lögð fram í málinu afrit af umfjöllun fjölmiðla um starfsemi A., bæði fyrir og eftir 8. desember 2017. Í þeirri umfjöllun er m.a. rætt við ákærðu Svanbjörgu og verður ekki dregin önnur ályktun af þeirri umfjöllun en að rekstur félagsins sé á hennar vegum. Um þetta hefur ákærða Svanbjörg vísað til þess að þetta hafi í reynd verið til að vekja athygli á félaginu og starfsemi þess, vegna þess að óvenjulegt sé að [...]. Þetta kann í sjálfu sér að eiga einhverja stoð í raunveruleikanum, en er þó allt að einu í samræmi við önnur gögn málsins sem benda öll í þá átt að ákærða Svanbjörg hafi í reynd verið annar tveggja daglegra stjórnenda félagsins og fjarri því að vera aðeins „starfsmaður á gólfinu“ eins og hún hefur byggt varnir sínar á.

Í málinu liggja fyrir upplýsingar um laun beggja ákærðu, en samkvæmt þeim höfðu ákærðu sömu laun allt ákærutímabilið, en það þykir bera þess vitni að raunveruleg staða þeirra hjá félaginu hafi verið sambærileg. Þessu til stuðnings er sú staðreynd að bæði höfðu þau aðgang að bankareikningum félagsins.

Að öllu ofangreindu virtu er hafið yfir skynsamlegan vafa að á þeim tíma, sem ákæra tekur til, voru hlutverk og staða beggja ákærðu eins og lýst er í ákærinni. Þannig var ákærði Stefán framkvæmdastjóri félagsins og það var ekki aðeins í orði eða til málamynda. Ákærða Svanbjörg var stjórnarmaður og prókúruhafi félagsins fram til 8. desember 2017 og var það í reynd en ekki aðeins til málamynda, og hún var jafnframt daglegur stjórnandi félagsins frá upphafi og allt til loka.

Í þessu efni getur engu breytt þó að A hafi notið þjónustu bókhaldsfyrirtækisins F en sem stjórnendur félagsins, eins og nánar greinir í ákæru, báru ákærðu bæði ábyrgð á skattskilum félagsins og geta ekki vísað henni á aðra.

Samkvæmt framansögðu er hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærðu hafa gerst sek um þá háttsemi sem þeim er gefin að sök í ákæru, en háttsemin er réttilega heimfærð

til refsíákvæða í ákæru, en enginn vafi leikur á því að brot ákærðu teljast stórfelld í skilningi 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá eru sagnæmisskilyrði varðandi bæði ákærðu uppfyllt, en sagnæmisskilyrði samkvæmt 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga eru ásetningur eða stórfelld gáleysi.

Ákærðu hafa samkvæmt framansögðu unnið sér til refsingar, en samkvæmt framlögðum sakavottorðum ákærðu hafa þau ekki áður gerst sek um refsiverðan verknað.

Við ákvörðun refsingar beggja ákærðu verður litið til 1. mgr. 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem og þess að hvorugt þeirra hefur áður gerst brotlegt við refsilög.

Af hálfu ákærða Stefáns hefur verið vísað til þess að hann hafi greitt þrotabúi félagsins verulegar fjárhæðir við kaup hans á eignum þrotabúsins. Til þessa er ekki hægt að líta við ákvörðun refsingar. Í fyrsta lagi vegna þess að ekkert hefur verið greitt inn á umræddar skuldir við skattyfirvöld, en jafnframt vegna þess að ætla verður að ákærði Stefán hafi fengið verðmæti á móti sem vega þá upp útlát hans vegna kaupanna. Af hálfu ákærða Stefáns hefur einnig verið vísað til þess að verulegur dráttur hafi orðið á rannsókn málsins. Eins og að ofan greinir var málinu vísað til Héraðssaksóknara með bréfi 15. október 2021, en ákæra var gefin út 12. janúar 2023. Að mati dómsins er þetta ekki slíkur dráttur að hann geti haft áhrif á ákvörðun refsingar í málinu.

Þá hefur ákærða Svanbjörg vísað til þriggja læknisvottorða um sig, dags. 17. mars 2013 og 12. og 13. september 2023, þar sem lýst er tilteknum atriðum varðandi heilsufar hennar. Þessi læknisvottorð eru hins vegar ekki þannig að til þeirra verði litið sérstaklega við ákvörðun refsingar.

Að öllu ofangreindu virtu er hæfilegt að ákærði Stefán sæti fangelsi í 10 mánuði. Fresta ber fullnustu þeirrar refsingar og skal refsingin falla niður að liðnum 2 árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá greiði ákærði fésekt til ríkissjóðs 53.000.000 króna innan 4 vikna en sæti ella fangelsi í 360 daga. Þá er að sama skapi hæfilegt að ákærða Svanbjörg sæti fangelsi í 10 mánuði. Fresta ber fullnustu þeirrar refsingar og skal refsingin falla niður að liðnum 2 árum haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá greiði ákærða fésekt til ríkissjóðs 53.000.000 króna innan 4 vikna en sæti ella fangelsi í 360 daga.

Að þessari niðurstöðu fenginni ber að dæma ákærðu til greiðslu sakarkostnaðar sbr. 235. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, en ekki er að sjá að um sé að ræða útlagðan kostnað vegna rannsóknar málsins og er þá aðeins um að ræða málsvarnarlaun

skipaðra verjenda ákærðu. Af hálfu skipaðs verjanda ákærða Stefáns er vísað til málskostnaðaryfirlits þar sem tilteknar eru 254 vinnustundir vegna málsins án sérstakrar tímaskráningar. Þetta jafngildir rösklega 6 vikna samfelldri vinnu miðað við 40 stunda vinnuviku. Að mati dómsins og að teknu tilliti til umfangs málsins er þessi tímafjöldi úr hófi og verða málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Stefáns ákveðin 2.500.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts. Af hálfu skipaðs verjanda ákærðu Svanbjargar er krafist málsvarnarlauna að mati dómsins og verða málsvarnarlaun þessa verjanda ákveðin 2.000.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Sigurður G. Gíslason dómstjóri kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði Stefán Ólafsson sæti fangelsi í 10 mánuði. Fresta ber fullnustu fangelsisrefsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði greiði 53.000.000 króna í fésekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella fangelsi í 360 daga.

Ákærða Svanbjörg Vilbergsdóttir sæti fangelsi í 10 mánuði. Fresta ber fullnustu fangelsisrefsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærða greiði 53.000.000 króna í fésekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella fangelsi í 360 daga.

Ákærði Stefán greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sævars Þórs Jónssonar lögmanns, 2.500.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Ákærða Svanbjörg greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Karls Georgs Sigurbjörnssonar lögmanns, 2.000.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Sigurður G. Gíslason